



Selfossi 23. ágúst 2016

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**7. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn þriðjudaginn 23. ágúst 2016, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

**Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Eyþór H. Ólafsson, Jón Valgeirsson, Pétur Pétursson, Sverrir Haukur Grönli og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Ásta Stefánsdóttir boðaði forföll.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

- 1) **Drög að samningi vegna byggingar nýrrar slökkvistöðvar í Árnosi**  
Samningsdrögin kynnt fyrir fundarmönnum. Slökkviliðsstjóra og formanni stjórnar falið að ganga frá samningi við Búnaðarfélag Gnúpverja. Kaupverð hússins er 43,4 milljónir.
- 2) **Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps dags 10.08.2016**  
Á 176. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps var gerð bókun varðandi fundargerðir B.A. Þóttu fundargerðir B.A. ekki nægilega upplýsandi.  
Stjórn B.A. þykir sjálfsagt að verða við tilmælum eftir því sem kostur er.  
Slökkviliðsstjóra falið að tala við sveitarstjóra Flóahrepps varðandi bókunina.
- 3) **Staða mála í kaupum á tankbílum**  
Pétur fór yfir stöðu mála í kaupum á tankbílum fyrir B.A.  
Unnið er að því að kaupa tvo fjölnota tankbíla frá Þýskalandi.
- 4) **Undirbúningur fjárhagsáætlunargerðar**  
Pétur fór yfir stöðu fjármála B.A. eftir fyrstu sex mánuði ársins. Betur verður farið yfir stöðuna og undirbúning fyrir fjárhagsáætlunargerð á næsta fundi stjórnar.
- 5) **Önnur mál**
  - a) Umræður um viðauka í fjárhagsáætlun vegna ársins 2016. Hann verður lagður fram á haustfundi Héraðsnefndar í október.
  - b) Lánamál rædd. Stjórn ákveður að fresta kaupum á sexhjóli vegna gróðurelda og dæla vegna skipaðeilda og skipadælinga í Þorlákshöfn til næsta árs.  
Lán vegna kaupa á tankbílum og slökkvistöðvar í Árnosi er tilbúið til afgreiðslu hjá LS.

- c) Rædd málefni Almannavarna Árnessýslu en slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri AÁ.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 7. september kl. 8:15

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 9:25

Þóri Þ. Þorvarsson  
Sigrún Þ. Þorvarðardóttir  
Jón J. Vagnsson  
Fingardóttir  
Pjetur Pjetursson  
Sveinbjörn Guðmundsson  
Unna Björnsdóttir